

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 23. október 2017  
UST201709-023/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag - hótel og baðlón - Efri-Reykir**

Vísað er til erindis Skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 5. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi hótel og baðlóna í landi Efri-Reykja. Áætlað er að baðlónin verði 2500 - 3000 m<sup>2</sup> og hótelid með 200 herbergjum. Í inngangi kemur fram að framkvæmdin er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar, en eftir er að tilkynna hana. Umhverfisstofnun veitti umsögn um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Efri-Reykja, hótel og baðlón dags. 6. mars 2017.

#### **Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er 29 ha að stærð og er í landi Efri-Reykja í Bláskögabyggð. Svæðið afmarkast af Brúará til vesturs, Reykjavegi til austurs og Laugarvatnsvegi til norðurs. Áætlað framkvæmdasvæði er á svæði á náttúruminjaskrá.

#### **Náttúruminjar**

Áætlað framkvæmdasvæði er innan og við svæði á náttúruminjaskrá, í skránni segir: „739. Brúará og Brúarskörð, Laugardalshreppi, Biskupstungnahreppi, Grimsneshreppi, Árnessýslu. (1) Brúará frá upptökum í Brúarskörðum og niður að ármótum Hvítár ásamt 200 m spildu beggja vegna árinnar. (2) Lindá með óvenjulegum fossi, Brúarfossi. Fjölskrúðugur gróður og fuglalíf. Tilkumumikið landslag í Brúarskörðum.“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áin og bakkarnir verði fyrir sem minnstu raski, og að bakkasvæði sem hefur þegar verið raskað með efnistöku, verði fært til fyrra horfs.

Í greinargerð kemur fram að á stórum hluta skipulagssvæðisins er birkiskógor og kjarrskógvist. Umhverfisstofnun bendir á að í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd er í gr. 61 listi yfir vistkerfi og jarðminjar er njóta sérstakrar verndar. Þar kemur fram að sérstædir og vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra er vistkerfi er nýtur sérstakrar verndar skv. greininni. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að forðast verði að raska birkiskógi eins og kostur er. Einnig nýtur myrlendi sérstakrar verndar og ber að forðast röskun þess. Eins og fram kemur er Brúará ásamt 200 m spildu beggja vegna árinnar, svæði á náttúruminjaskrá nr. 739. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að vernda bakka Brúarár, og tekur stofnunin undir áætlun um göngustíg meðfram ánni

svo almenningur komist um bakka hennar, sbr. gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 um skipulag við ár, sjó og vötn en þar kemur fram: „*Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirkni nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.*“

### Áætlaðar framkvæmdir

Eins og fram hefur komið er áætlað að byggja tvö eða fleiri baðlón á svæðinu, af stærðinni 2500 – 3000 m<sup>2</sup>. Einnig er áætlað að byggja 100 – 200 herbergja hótel og þjónustubyggingu baðlóns auk starfsmannabygginga. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að framkvæmdir verði felldar að landi eins og kostur er.

### Vatnsbakkar og efnistaka

Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að bakkar árinnar á áætluðu framkvæmdasvæði verði lagfærðir til móts við annað umhverfi árinnar. Stofnunin telur vegsummerki eftir efnistökum skerða ásýnd árinnar. Einnig er mikilvægt að stærð áætlaðra stíga komi fram.

### Umhverfismat


#### Vatnafar

Í umfjöllun um vatnafar kemur fram að uppbygging lóna og hótels geti hugsanlega haft neikvæð áhrif á vatnsgæði, bæði vegna röskunar á framkvæmdatíma og vegna frárennslis frá lóni og bílastæðum, auk skólps frá hóteli og annarri starfsemi. Umhverfisstofnun bendir á að fram þarf að koma hvernig hreinsivirki er áætlað og hvernig hreinsunin muni fara fram. Einnig þarf að koma fram hver er áætlaður viðtaki bæði fyrir frárennslí frá lóni og bílastæðum og vatni frá sundlaug/lóni. Umhverfisstofnun tekur undir það að allt afrennslí vegna starfsemi verði meðhöndlað í fullu samræmi við ýtrrustu kröfur, en telur að skýra þurfi nánar hvernig áætlað er að gera það. Einnig bendir stofnunin á að fram þarf að koma hvert efnainnihald heita vatnsins er, sem nýtt verður í lónin/sundlaugarnar.

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands.


#### Dýralíf

Umhverfisstofnun bendir á að í umfjöllun um dýralíf segir að frárennslí frá framkvæmdum geti haft áhrif á lífríki árinnar. Umhverfisstofnun bendir einnig á að umfjöllun um frárennslí þarf að vera ítarlegri og einnig umfjöllun um það hvernig frárennslí frá hóteli og baðstað geti haft neikvæð áhrif á lífríki Brúarár. Stofnunin tekur undir það að æskilegt sé að lífríkið verði vaktað, og bendir á mikilvægi þess að framkvæmdaraðili fylgist með ástandi árinnar í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands.



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri